

Nd.

87. Frumvarp

til laga um verzlunarbækur.

Flutningsmenn Jón Ólafsson og Jón Jónsson S.-M.

1. gr.

»Kaupmenn« tákna í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-íðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við fé- lög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti í frumbók (Prima Nota, Memorial eða Journal), daglega jafnsnart sem þau fara fram, og skal sú bók vera gegnumdregin og innsiglið af notarius publicus og blaðsíður allar tölumerktar, og löggilt með því.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar greiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita reikninga einstakra skiftavina. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna.

4. gr.

Það varðar refsingu, sektum, fangelsi eða betrunarhússvinnu eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlunarbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázzu eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda löggiltar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, og færa það inn í sérstaka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjalfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög

Þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnun fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi eða betrunarhússvist.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan missiris frá því er hún féll í gjalddaga, ef hún er til orðin fyrir 1. júlí, eða innan árs, ef hún er til orðin síðari hlut árs, og skal þá það sem skráð er í löggilta frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þviuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það isjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi, er bækur beggja eru löggiltar, þær er innfærslurnar eru í.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunargildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaramum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.